

Nd.

393. Frumvarp til laga

[148. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. c-liðar 14. gr. laganna bætist nýr málsliður:

Enn fremur er aðilum, sem í árslok 1948 áttu í nýbyggingarsjóði lægri fjárhæð en kr. 25000.00 á skip, eða hafa á síðustu tveim árum tapað meiru á útgerðinni en svarar innieign þeirra í sjóðnum, heimilt að taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. c., segir svo:

„Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 59. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.“

Nefndin — stjórn nýbyggingarsjóðs — hefur litið og litur svo á, að því aðeins sé heimilt að nota eign í nýbyggingarsjóði til þess að greiða tap á útgerð, að útgerðin eigi ekki fyrir skuldum. Þessi heimild laganna hefur því reynzt gersamlega dauður bókstafur.

Samkvæmt bókum nýbyggingarsjóðs voru innstæður í sjóðnum 31. des. 1947:

Togaraútgerðar kr. 8 872 224.55
Annarrar útgerðar — 885 418.46

Innstæðueigendur síðartöldu fjárhæðarinnar voru 46 að tölu.

Þar af áttu 18 innan við 10 þús. kr. hver.
—, — 9 milli 10 og 20 þús. kr. hver.
—, — 5 — 20 — 30 —, —
—, — 5 — 30 — 40 —, —
—, — 9 þar yfir.

Hve mörg skip eða báta hver innstæðueigandi átti, tókst ekki að fá skýrslu um, en vitað er, að bátatala fyrirtækjanna er 1 til 8, svo að eign hvers skips er yfirlítt undir 10 þús. kr.

Eftir því verði, sem nú er á nýbyggingu skipa, er bersýnilegt, að þessar fjárhæðir leiða aldrei til nýbygginga og verða aldrei til þess notaðar. Maður, sem á 10 þús. kr. í nýbyggingarsjóði, lætur sér aldrei til hugar koma að hefja fyrir það byggingu skips, sem kosta mundi hálfra eða heila milljón króna. Eins og sakir standa nú eru því innieignir flestra bátaeigenda í nýbyggingarsjóði útgerðinni gersamlega gagnslaugar.

Ríkissjóður ver nú tugum milljóna króna til þess að koma í veg fyrir stöðvun bátaútvégsins. Og við borð liggur, að gert sé fjárnám í fjölda fiskibáta vegna jafnvel smávægilegra vanskila á opinberum greiðslum. Bersýnilegt er, að meðan þessu fer fram, er ríkinu ekki fært að loka inni, engum til gagns, verulegar fjárhæðir, sem eru réttmæt eign útgerðarinnar.